


CSS Box Model (margin, padding og border)

Box Model samanstendur af margins, borders, padding og sjálft innihaldið (t.d. mynd).



Margin: Býr til autt gegnsætt svæði utan um border.
Border: Fer utan um padding og innihald (t.d. mynd). Fær bakgrunnslit.
Padding: Býr til autt gegnsætt svæði utan um innihald (t.d. mynd). Fær bakgrunnslit.
Content: Innihald t.d. mynd eða texti.



Sjá nánar um Box Model: http://w3schools.com/css/css_boxmodel.asp

Margin:

Í stílsniði er spássía „margin“ eigindið notað til að stjórna autt rými í kring um mynd (frá border að aðliggjandi texta). Þeir hlutar síðunnar sem eru upp við myndina færast frá henni sem nemur fjölda pixla sem tilgreindir eru.

Dæmi nr.1

margin:0 20px 0 0;

Tölurnar standa fyrir fjórar hliðar í eftirfarandi röð: **top, right, bottom og left** (röðin verður að vera rétt). Það hefur líka verið hægt að skrá sama margin svona:

margin-top:0; margin-right:20px; margin-bottom:0; margin-left:0;

(Það þarf ekki að bæta við mælieininguna px aftan við 0. 0 er alltaf 0 einingar.)

Dæmi nr.2

Þarf einungis að tilgreina bil á milli texta vinstra megin við mynd. Þá dugar að skrifa:

margin-left:20px;

Fleiri notkunarmöguleikar með margin.

- Ef ein tala er tilgreind fyrir margin, þá er sama rými (margin) utan um myndina á öllum hliðum.

margin:20px;

- Ef sleppt er að tilgreina fyrir margin á einni eða tveimur hliðum þá tekur hún gildi þeirrar hliðar sem er á móti:

margin:20px 5px;

Þetta er það sama og að gera:

**margin-top:20px; margin-right:5px; margin-bottom:20px;
margin-left:5px;**

- margin:0 auto;** **top+bottom 0** og **left+right auto** þýðir að vafri á að miðjusetja tag.
- Það er hægt að setja mínus gildi í margin, prófaðu hvað gerist!

Padding:

Padding eigindið er notað til að stjórna rýminu á milli myndar og rammans. Hægt er að skrá padding með sama hætti og margin. Padding tekur bakgrunnslit.

T.d.: **padding:10px;**

Border:

Rammi getur haft mismunandi breidd, lögun og lit. Í CSS3 er hægt að hafa þá núna líka rúnaða, með skugga og nota mynd sem ramma.

Sjá nánar um ramma í CSS2: http://www.w3schools.com/css/css_border.asp

Sjá nánar um ramma í CSS3:

http://www.w3schools.com/css3/css3_borders.asp

border-radius

This box has rounded corners!

```
p{  
  border:2px solid;  
  border-radius:25px;  
  -moz-border-radius:25px; /* Firefox 3.6 and earlier */  
}
```

box-shadow

```
p{  
  box-shadow: 10px 10px 5px #888888;  
}
```



Sjá meira CSS og CSS3 t.d. á [w3schools.com](http://www.w3schools.com)

<div> Block element

Við getum notað <div> til að setja upp skipulag vefsíðu (layout). Við notum class með <div> taginu. Það er einnig hægt að nota nýju HTML5 tögin <header> <nav> <article> og <footer> þar sem það á við.

Dæmi:

```
<body>
  <div class="header">
    <h1> eitthvað efni </h1>
  </div>
  <div class="navigation">
    ... önnur tög, efnisyfirlit
  </div>
  <div class="content">
    ... önnur tög, eitthvað efni
  </div>
</body>
```

HTML5 ritháttur, dæmi:

```
<body>
  <header>
    <h1> eitthvað efni </h1>
  </header>
  <nav>
    <a> tenglar </a>
  </nav>
  <article>
    ... önnur tög, eitthvað efni
  </article>
  <footer>
    ... önnur tög, tenglar ofl.
  </footer>
</body>
```

** Inline element**

 tagið er t.d. hægt að setja utan um texta innan málsgreinar.

Html: <p>Blab la blab la Halló!! blab la blab la</p>

CSS: .attention { font-style:bold; color:red; }

Birting í vafra: Blab la blab la **Halló!!** blab la blab la

Sjá nánar : http://www.w3schools.com/tags/tag_div.asp

ID og class eigindi

Hægt er að vísa á ákveðna stíla með class eigindinu. Þú býrð til class í HTML tagi

Dæmi í HTML skjali: `<div class="main_content">
 <!-- content coes here -->
</div>`

Dæmi í CSS skjali: `div .main_content {
 attributes:values;
}`

Í stílsíðu þarf að skilgreina klasann með . (punkti) og svo einkvæmt nafn (ekki byrja klasa nafn á númeri, ísl. stöfum eða sértáknum).

Það er mælt með að nota `class` í útlitshönnun frekar en að nota id.

Id hefur hærri forgang en class og aðeins má nota sömu id skilgreiningu einu sinni í HTML vefsíðu.

Uppsetning og skipulag vefsíðu með `<div>`


Það eru til nokkrar leiðir til að setja upp vefsíðu með `<div>` tögum og stjórna útliti með stílsíðu. Þessar leiðir fara mismunandi að því að vinna með breidd og hæð á vafra.

Föst breidd í pixlum*

Breidd er sett með pixel gildi, ákveðinn fasti (**absolute**). Þessi leið virkar þannig að ysta `<div>` tagið er með fastri breidd og öll innri `<div>` tög eru skilgreind sem hlutfall út frá þeirri stærð venjulega í pixlum. Hönnuður hefur þá meira vald á allri grafík, hlutföllum og leturstærð. Með því að hafa breidd með fastri stærð þá eru hlutföll síðunnar alltaf eins sama hvaða skjáupplausn er á skjá notandans.

Skipulagning vefsíðu með fastri breidd er tiltölulega auðveld í uppsetningu og hentar vel til að ná tókum á vefsíðuhönnun. Heildarbreidd vefsíðu fyrir tölvuskjá er venjulega sett með 960px eða 1140px breidd.

Dæmi um tveggja dálka uppsetningu:



Í HTML:

```
<body>
  <div class="header">
    <!-- log, efnisyfirlit -->
  </div>
  <div class="content">
    <!-- Innihald, vinstri dálkur -->
  </div>
  <div class="sidebar">
    <!-- Innihald, hægri dálkur-->
  </div>
  <div class="footer">
    <!-- upplýsingar neðst á síðunni -->
  </div>
</body>
```

Í CSS stílsíðu:

Til að festa breidd vefsíðunnar setjum við td 960px á body tagið.

Við setjum einnig breidd á vinstri og hægri dálkinn.

.header og .footer fá sömu stærð og body. Við notum float eigindið til að raða vinstri og hægri dálkunum saman og svo clear eigindið til að .footer fari fyrir neðan .content og .sidebar.

Á meðan uppsetningin er í smíðum þá er gott að setja ramma (border) á div tögin.

```
body {  
    margin: 0 auto;           /*miðja uppsetninguna*/  
    width: 960px;             /*Breidd á vefsíðunni*/  
}  
.header {  
    border: 1px solid black;  
}  
.content{  
    width: 600px;             /*setjum fasta breidd*/  
    float:left;  
    border: 1px solid red;  
}  
.sidebar {  
    width: 360px;  
    float:right;  
    border: 1px solid blue;  
}  
.footer {  
    border: 1px solid green;  
    clear:both;               /*Hætta float*/  
}
```

Að reikna út breidd div.

Athugið að gildi border og padding bætast við breidd á <div> tögum ef ekki er sett viðeigandi skipun í stílsíðu sem leiðréttir breidd div.

box-sizing tekur padding og border með í útreikning á breidd d i v (þeir reiknast innávið ekki útávið).

```
div {  
    box-sizing: border-box;  
    -moz-box-sizing: border-box; /* Firefox */  
}
```

Sjá dæmi: http://www.w3schools.com/cssref/css3_pr_box-sizing.asp

sjá nánar mælieiningar í vefsíðugerð: http://www.w3schools.com/cssref/css_units.asp